

Nýskráning á nagli.is

1

Einfalt & Öruggt Finndu rétta verktakann fyrir þig

Fáðu **tilboð** frá mörgum aðilum og veldu þann sem þér lýst best á út frá verði og umsögnum fyrir viðskiptavinna. [Horfu á myndbandið.](#)

Skrá verk

Verktaskráning Erðu líklegast að þú þyrftir að skráningu og vilt þú hafa þetta tilboð til þess að þú getur fengið tilboð frá mörgum aðilum.	Verk Skoðu opin verk og sendu tilboð þessu sem henta þínu ferli.	Naglar Skoðu hvaða aðilar bjóða þjónustu sína í gegnum nagla.
<input type="button" value="SKRÁNING"/>	<input type="button" value="SKOÐA VERK"/>	<input type="button" value="SKOÐA NAGLA"/>

2

Farið er inn á vefsvæðið www.nagli.is og þar er smellt á „**SKRÁNING**“. Þá ertu færður inn á skráningarsíðuna.

3



Takk fyrir að skrá þig!

Velkominn! Staðfestingarpóstur hefur verið sendur á netfangið sem þú skráðir. Þar er að finna leiðbeiningar fyrir hvernig þú virkjar aðganginn. Eftir að þú hefur smellt á hlekkinn í póstinum, þá ættir þú að geta skráð þig inn.

Aftur á forsiðu.

Þegar smellt hefur verið á „**Halda áfram**“ birtist staðfestingarsíða þar sem þér er þakkað fyrir skráninguna og þú beðinn að opna tölvupóst sem við sendum þér á netfangið sem þú skráðir.

4

Í tölvupóstinum er smellt á „**Staðfesta netfang**“ og er þá búið að stofna notanda fyrir þig á nagli.is.

Eftir að smellt hefur verið á „**Staðfesta netfang**“ þá ertu færður inn á síðu þar sem þú getur bætt við upplýsingum, s.s. um þína hæfni o.fl.

Á skráningarsíðunni ertu beðinn um þær upplýsingar sem við þurfum til að geta stofnað fyrir þig aðgang á nagli.is.

Skrá þarf inn netfang sem notað verður í frekari samskiptum nagli.is við þig.

Jafnframt ertu beðinn um að velja þér lykilorð sem þú munt í framtíðinni nota til að skrá þig inn á vefsvæðið nagli.is. Lykilorðið þarf að skrá inn aftur í reitinn „staðfesta lykilorð“ til að koma í veg fyrir innsláttarvillur.

Þú þarft að velja þér nafn á heimasvæði, nafnið er þá slóð á heimasíðuna þína inn á nagli.is, t.d. www.nagli.is/nafn.

Að lokum ertu beðinn um að velja tegund notanda, mikilvægt er að iðnmeistarar velji „**verksali**“.

Haka verður í „**Ég samþykki notkunarskilmála nagli.is**“.

Þegar ofangreindar upplýsingar hafa verið færðar inn er smellt á „**Halda áfram**“.

5

Notandaupplýsingar

Nafn

Kennitala

Bæjarfélag

Menntun/Ávinnuagrein

Ertu iðnmeistari?

- Málrameistari
- Rafvirkjameistari
- Verkfræðingur
- Bláskráðameistari
- Pipulagningameistari
- Væðvirkjameistari
- Múrarmeistari
- Húsnámsmeistari
- Veggfóðrameistari
- Stálvirkjameistari
- Nei

Verður að svara

Síðan hér að ofan ætti að opnast í netvafranum þínum er smellt hefur verið á hlekkinn í tölvupóstinum.


Nauðsynlegt er að iðnmeistarar færi inn upplýsingar undir flípanum „**Notendaupplýsingar**“, s.s. um fullt nafn, bæjarfélag, menntun og hvers konar meistaraðttindi viðkomandi hefur. Því ítarlegri sem þessar upplýsingar eru færðar inn því betra.

Mikilvægt er að smella á „**Staðfesta**“ neðst á síðunni þegar lokið hefur verið við að skrá inn upplýsingar, ellegar vistast upplýsingarnar ekki.

Er smellt hefur verið á „**Staðfesta**“ þá ertu færður yfir á síðu þar sem þú getur bætt við mynd.

6

Núverandi Mynd



eða

Hér geturðu valið að bæta við mynd, annaðhvort af þér sjálfum eða vörumerki (e. logo) fyrirtækis sem þú átt eða vinnur hjá.

Þegar mynd hefur verið valin er smellt á „**Vista mynd**“

Hægt er að sleppa því að bæta við mynd með því að smella á „**Sleppa**“.

Þegar smellt hefur verið á annaðhvort „**Vista mynd**“ eða „**Sleppa**“ þá ertu færður yfir á síðu þar sem þú getur fært inn fyrirtækjaupplýsingar, ef við á.

7

Fyrirtækjaupplýsingar

Nafn

Vsk

Netfang

Kennitala

Vefsíða

Heimilisfang

Póstnúmer

Bæjarfélag

Á fyrirtækjasíðunni er æskilegt að iðnmeistari færi inn upplýsingar um fyrirtækið sem hann starfar fyrir, hið sama á við ef hann er með rekstur á eigin kennitölu.

Þegar upplýsingar hafa verið færðar inn er smellt á „**Staðfesta**“

Hægt er að sleppa því að bæta við upplýsingum um fyrirtæki og skal þá smellt á „**Sleppa**“.

8

Gæðar.tefna

Gæðamarkmið

Ferlar og verklagsreglur

Síðasta upplýsingasíðan sem þú ert beðinn að fylla út er síða með upplýsingum um gæðamál hjá fyrirtækinu. Bæði er hægt að skrá inn texta í textabox við hvern lið eða smella á „**Bæta við skrá**“ til að hlaða inn skrá úr tölvunni þinni.

Þegar upplýsingar hafa verið færðar inn er smellt á „**Staðfesta**“

Hægt er að sleppa því að bæta við upplýsingum um gæðamál og skal þá smellt á „**Sleppa**“.

Þegar smellt hefur verið á annaðhvort „**Staðfesta**“ eða „**Sleppa**“ þá ertu færður yfir á stjórnborðið þitt inn á nagli.is.